

FUNDARGERÐ

270. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 24. apríl 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Rósa Kristinsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Mörður Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Þráinn Stefánsson. Ingvar Smári Birgisson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 268 og 269 voru lagðar fram og samþykktar.

2. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrir marsmánuð. Rekstur fór óverulega fram úr áætlun, en sjónvarpið var tvær m.kr. umfram áætlun. Framleiðsla, húsnæðiskostnaður og fréttir voru samtals 7 m.kr. umfram áætlun, en samtals fer rekstrarkostnaður 1,2% fram úr áætlun.

Útvarpsstjóri fór síðan yfir stöðuna á hagræðingaraðgerðum.

3. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri upplýsti um nýlegan fund norrænna útvarpsstjóra sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrr í mánuðinum. Þar var m.a. fjallað um stöðu mála í löndunum fimm, sérstaklega var horft til fjárhagslegra málefna, stafrænnar þróunar og öryggismála.

Gerð var grein fyrir alþjóðlegri ráðstefnu sem haldinn var á vegum RÚV í samvinnu við EBU í Reykjavík, þar sem fjallað var um fjölbreytileika, jafnræði og inngildingu í starfi almannajónustumiðla í Evrópu. Hátt í 30 þátttakendur frá fjölmörgum almannajónustumiðlum í Evrópu tóku þátt í ráðstefnunni.

Stjórnin var upplýst um að vinnu við innleiðingu öryggisreglna í starfsemi RÚV til samræmis við staðalinn ISO 27001 um stjórnkerfi upplýsingaöryggis væri lokið, og hefði úttekt á því lokið í apríl með góðum árangri og vottun í kjölfarið staðfest. Þá gerði útvarpsstjóri grein fyrir því að reglur RÚV um kosningaumfjöllun vegna komandi forsetakosninga hefðu verði birtar á vefnum og undirbúningur væri í fullum gangi fyrir umfjöllun RÚV í útvarpi, sjónvarpi og á vef.

Gerð var grein fyrir vinnu við endurskoðun á málstefnu RÚV, en unnið hefur verið að því undanfarna mánuði á vegum starfshóps RÚV og með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga. Drög að stefnunni og greinargerð voru kynnt á fundinum. Sömuleiðis var gerð grein fyrir drögum að tónlistarstefnu útvarps, Rásar 1 og Rásar 2, sem hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma. Þar er lögð áherslu á miðlun, varðveislu og sköpun tónlistar.

Loks upplýsti útvarpsstjóri um fræðslufund með fréttastjóra innlendra fréttu BBC með fréttamönnum og dagskrárgerðarfólki RÚV og nýjung á vef RÚV, undir erlendum fréttum, þar sem miðlað sé á íslensku fréttum frá öðrum EBU miðlum sem þýddar eru með aðstoð gervigreindar. Verkefnið kallast Evrópskt sjónarhorn og sé nýsköpunar- og samstarfsverkefni EBU og almannajónustumiðla víða í Evrópu.

Þá var gerð grein fyrir breytingum á skipulagi ritstjórnar fréttatengdrar dagskrárgerðar, sem flutt hefur verið undir fréttastofu með það að markmiði að samhæfa og styrkja sem best slíka fréttatengda

DAR Amb RK AO ISB V

umfjöllun milli mismunandi miðla. Að síðustu var upplýst um að sjónvarpsfréttir verða í sumar færðar til kl. 21 vegna stórviðburða í heimi íþróttá sem taka munum mikið pláss í dagskrá sjónvarps næsta sumar.

4. Starfsreglur stjórnar

Farið var yfir starfsreglur stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar gildandi reglur og voru þær lagðar fram og samþykktar.

5. Starfsáætlun stjórnar

Starfsáætlun stjórnar 2024-2025 var samþykkt og mun verða birt á ruv.is.

6. Önnur mál

MÁ lagði á ný fram tillögu sínu frá síðustu fundum um þátttöku RÚV í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og óskaði eftir því að hún yrði borin undir atkvæði: „Stjórn RÚV ályktar að ekki verði tekið þátt í Eurovision 2024 ef Ísrael tekur þátt í keppinni.“

Stjórnarformaður gerði grein fyrir því að það væri ekki hlutverk stjórnar RÚV að taka ákvarðanir á sviði utanríkismála og lagði til að tillögunni yrði vísað frá. Var tillögu formanns afgreidd með sama hætti og síðast, með frávísun gegn atkvæði MÁ. MT sat hjá.

MT, DÁZ, AÓ, MGJ, ÞS og SDG lögðu fram eftirfarandi bókun: „Eins og stjórn hefur farið yfir áður á fundum sínum þá er það ekki á hennar valdsviði að ákveða hvort að RÚV tekur þátt í Eurovision eða ekki.“

Fyrirspurn kom frá stjórnarmanni um hver sé samsetning tekna hjá RÚV Sölu ehf. þ.e.a.s. hvert sé form endurgjaldsins fyrir greiðslu auglýsinga sem birtast hjá RÚV, t.d. í formi fjármuna, gjafabréfa o.fl. Útvarpsstjóri nefndi að framkvæmdastjóri RÚV sölu komi inn á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið.

Ingvar Ómar Björgsson


Rósa Kristinsdóttir

SÉD: 

Díljá Amundadóttir Zoëga